
Íbúafing í Hveragerði

Umhverfi fjölskyldunnar



Greinargerð um niðurstöður



Maí 2003

ÞAKKIR	
ÁGRIP	1
1. INNGANGUR	2
2. STAÐA MÁLA	3
3. ÍBÚAÞING; AÐFERÐ, UNDIRBÚNINGUR OG FRAMKVÆMD	6
3.1. Skipulagning íbúapingsins.....	6
3.2. Íbúapingið.....	7
3.3. Úrvinnsla og kynning niðurstaðna	7
4. NIÐURSTÖÐUR UM EINSTÖK SVÆÐI OG VIÐFANGSEFNI	9
4.1. Ásýnd og ímynd	9
4.2. Forgangsröðun verkefna	9
4.3. Íþróttaaðstaða	9
4.4. Göngu- og reiðstígar	10
4.5. Útivistaraðstaða – Hamarinn	11
4.6. Leik- og útivistarsvæði	12
4.7. Skólalóð.....	13
4.8. Umferð	14
4.9. Staðsetning blaða- og fernugáma	15
4.10. Menningar- og félagsmiðstöð	15
4.11. Starf íþrótt- og æskulýðsfulltrúa	16
4.12. Hugmyndir barna og unglunga	16
5. SAMRÁÐ	17
6. PERLUR HVERAGERÐIS – BEST VARÐVEITTA LEYNDARMÁLID? 19	
7. ÁFRAM VEGINN	22
8. VIÐAUKAR – NIÐURSTÖÐUR HÓPA	23
8.1. Umhverfið	24
8.2. Samveran	25
8.3. Hugmyndir 5. bekkja Grunnskólans í Hveragerði	26
8.4. Hugmyndir 9. bekkjar Grunnskólans í Hveragerði	27
8.5. Samráð og næstu skref	28
8.6. Skipulagshópur; Heilsu- og útivistarbærinn Hveragerði	29
8.7. Skipulagshópur unglunga	30

ÞAKKIR

Þeir Hvergerðingar, sem tóku þátt í þinginu „Umhverfi fjölskyldunnar“, sem og aðrir gestir, fá þakkir fyrir sitt framlag. Forsvarsmenn Grunnskólans, ásamt húsverði, starfsfólki mótuneytis og Skólasels, fá bestu þakkir fyrir liðlegheit og aðstoð. Nemendur sem unnu hugmyndavinnu fyrir þingið og kennarar þeirra, fá þakkir fyrir gott samstarf og skemmtilegar hugmyndir. Unglingakór Grunnskólans söng fyrir setningu þingsins og nemendur úr Tónlistarskóla Árnesinga í Hveragerði sáu um tónlist í hádegishléi og fá þessir aðilar bestu þakkir. Sérstakar þakkir fær 10. bekkur Grunnskólans fyrir frábæra frammistöðu við uppröðun og umsjón með veitingum. Kristinn T. Haraldsson og Margrét Ísaksdóttir fá þakkir fyrir lán á ljósmyndum.

Starfsfólk frá Hveragerðisbæ

Aðalheiður Einarsdóttir, Guðbjörg Björnsdóttir, Guðríður Aadnegard, Pamela Morrison, Steinunn Þórðardóttir og Vigdís Heiða Guðnadóttir.

Margir aðrir starfsmenn bæjarins, m.a. á bæjarskrifstofu, komu að undirbúningi og framkvæmd þingsins og viljum við þakka þeim öllum.

Starfsmaður Landslags vegna skólalóðar og Breiðumerkur

Þráinn Hauksson, landslagsarkitekt.

Starfsfólk frá Alta á íbúáþinginu og við aðra úrvinnslu

Anna Guðný Ásgeirsdóttir, Elín S. Harðardóttir, Elín Vignisdóttir, Hlín Sverrisdóttir, Ingi Hans Jónsson og Sigurborg Kr. Hannesdóttir.

Stýrihópur verkefnisins

Davíð Samúelsson, forstöðumaður Upplýsingamiðstöðvar Suðurlands, Guðjón Sigurðsson, skólastjóri Grunnskólans, Kolbrún Þóra Oddsdóttir, umhverfisstjóri, Orri Hlökkversson, bæjarstjóri og Þorsteinn Hjartarson, forseti bæjarstjórnar.



Hluti þátttakenda saman komnir í upphafi þings.

Allar tilvitnanir eru frá þátttakendum á þinginu, nema annars sé getið.

ÁGRIP

Bæjarstjórn Hveragerðis bauð til íbúafings þann 5. apríl 2003, undir yfirskriftinni „Umhverfi fjölskyldunnar“. Markmið þingsins var að kalla eftir sjónarmiðum íbúa um helstu málaflokka sem falla undir þessa yfirskrift og nýta við forgangsröðun verkefna. Jafnframt að niðurstöður geti nýst sem efniviður við þá endurskoðun aðalskipulags, sem nú er hafin.

Um 110 manns mættu á þingið en áður hafði verið unnið með um 80 grunnskólanemendum, þannig að samtals lögðu tæplega 200 íbúar Hveragerðis sitt af mörkum í umræðunni um hvernig megi efla bæinn sem fjölskylduvænan bæ.

Þátttakendur lýstu ánægju með þetta tækifæri til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri og styðja eindregið að bæjarstjórn haldi áfram að auka samráð við íbúa. Um það þarf þó að móta stefnu og verklagsreglur.

Samkvæmt niðurstöðum íbúafingsins, er ásýnd og ímynd Hveragerðis í ýmsu ábótavant og er fullur hugur í bænum til að taka á því með samstilltu átaki.

Á þinginu kom fram sú ósk íbúa að bæjaryfirvöld leggi aukna áherslu á að forgangsraða verkefnum sem lúta að umhverfismálum og aðstæðum fjölskyldunnar og almennt var kallað eftir meiri forgangsröðun verkefna á vegum bæjarins.

Íþróttir og útivist eru lykilþættir í því umhverfi sem fjölskyldunni er boðið. Almennt þarf að bæta íþróttaaðstöðu, sérstaklega íþróttahús og sundlaug, en einnig er kallað eftir betri og fleiri litlum boltavöllum. Umræðan um útivist snýst annars vegar um stígakerfi og hins vegar um útivistarsvæði. Þar ber hæst að bundnar eru miklar vonir við nýtt útivistarsvæði undir Hamrinum, þar sem gæti verið framtíðar „Kjarnaskógur“ Hvergerðinga. Með úrbótum á göngu- og reiðstígum, bættum tengingum og með áherslu á gönguleið meðfram Varmá, er hægt að efla til muna möguleika til útivistar og hreyfingar í bænum.

Verði ullarþvottastöð sem nú er nálægt Hamrinum færð, er það talið sóknarfæri fyrir Hveragerði. Þar væri hægt að koma upp einhvers konar íþrótt- og/eða menningar- og félagsmiðstöð, fyrir breiðan aldurshóp. Einnig bjóða aflögð gróðurhús upp á ýmsa möguleika.

Frá 1. ágúst verður til nýtt starf íþrótt- og æskulýðsfulltrúa hjá bænum og voru það skilaboð íbúafingsins að leggja beri áherslu á samræmingu og samstarf í forvörnum, félags- og íþróttastarf, bæði í bænum og við nágrannasveitarfélögin. Koma þarf upp samastað fyrir unglunga og auka tómsundamöguleika þeirra sem ekki finna sig í íþróttastarfi.

Börn og unglingar lýstu almennt ánægju með bæinn sinn og skólann, en bentu þó á að úrbætur á skólalóð séu brýnar og vilja gjarnan fá leiktæki í sundlaugina. Unglingarnir tóku fram að bærinn skartar mörgum náttúrulífspærlum og hittu þar naglann á höfuðið. Það er einmitt ein helsta niðurstaða íbúafingsins að með því að tengja einstakar náttúruperlur innan bæjarins og afþreyingu og athyglisverða staði, geti Hveragerði komist í fremstu röð bæjarfélaga á Íslandi, sem hlúa að fallegu og aðlaðandi umhverfi fyrir alla fjölskylduna.

1. INNGANGUR

Bæjarstjórn Hveragerðis tók þá ákvörðun að boða til íbúapings um „Umhverfi fjölskyldunnar“, á vordögum 2003. Kveikjan að þinginu var annars vegar sú að framundan er endurskoðun aðalskipulags og hins vegar að bæjarstjórn hefur lagt áherslu á að auka samráð við íbúa.

Vildu bæjaryfirvöld nýta íbúapingið til að fá fram sjónarmið íbúa um ýmis mál sem lúta að fjölskyldu- og umhverfismálum.

Það var ráðgjafarfyrtækið Alta sem hafði umsjón með íbúapinginu fyrir Hveragerðisbæ, en það hefur meðal annars sérhæft sig í ákveðinni aðferðafræði sem gefist hefur vel við samráð af þessu tagi.

Íbúapingið var haldið í Grunnskólanum í Hveragerði, laugardaginn 5. apríl og voru niðurstöður kynntar þremur dögum síðar, þ.e. þriðjudagskvöldið 8. apríl, í Grunnskólanum. Til þingsins mættu um 110 manns.

Fyrir þingið unnu um 80 börn og unglingar í Grunnskólanum úr sínum hugmyndum varðandi viðfangsefnið og kynntu þær á þinginu. Það voru því nær 200 Hveragerðingar sem tóku þátt í að móta framtíðarsýn í málaflokkum sem snerta umhverfi fjölskyldunnar.

Hér fara á eftir helstu niðurstöður íbúapingsins, en einnig er vísað á heimasíður www.hveragerdi.is og www.ibuathing.is.



„Mér finnst æðislegt að bæjarstjórnin hafi staðið við að halda íbúaping og vilji hlusta á okkur“

2. STAÐA MÁLA

Þann 1. desember 2002 voru 1.902 íbúar í Hveragerði.

Á heimasíðu bæjarins segir m.a.: „Umhverfismál skipa veigamikinn sess í núgildandi aðalskipulagi og er þar haft að leiðarljósi að sérstaða bæjarins...verði nýtt til uppbyggingar á sviði heilbrigðis, heilsuverndar og ferðaþjónustu.“¹ Umfangsmiklar og kostnaðarsamar framkvæmdir hafa átt sér stað á sviði umhverfismála á undanförunum árum og ber þar hæst nýja skólphreinsistöð sem tekin var í notkun í júní 2002. Einnig hafa verið gerðar miklar úrbætur í gatnagerð og frágangi gatna í bænum.

Sérstakt umhverfisskipulag fyrir Hveragerði var unnið sem hluti af Aðalskipulagi Hveragerðis 1994 – 2014. Meginmarkmið þess er „...verndun sérstakra náttúruyfyrirbæra og uppbygging á samfelldu kerfi aðgengilegra útivistarsvæða sem tengd verða saman með göngustígakerfi.“ Fram kemur einnig að lögð hefur verið áhersla á ræktun grænna svæða og „...unnið að fegrun bæjarins með blómum og trjám með því hugarfari að skapa vistlegt og eftirsóknarvert umhverfi til útivistar og heilsueflingar.“²

Hveragerðisbær hefur unnið að Staðardagskrá 21 og m.a. hlotið hvatningarverðlaun umhverfisráðuneytis og Sambands íslenskra sveitarfélaga fyrir vinnu sína á því sviði. Verkefnum sem sett voru á framkvæmdaáætlun vegna Staðardagskrár 21 fer senn að ljúka og því brátt þörf á endurskoðun Staðardagskrár og framkvæmdaáætlunar.

Bæjarstjórn Hveragerðis, ákvað að afmarka viðfangsefni íbúðþingsins við umhverfi fjölskyldunnar, en þó var ljóst frá upphafi að niðurstöður þingsins yrðu dýrmætur efniviður inn í þá endurskoðun aðalskipulags sem nú stendur fyrir dyrum. Hér fer á eftir stutt lýsing á stöðunni í þeim málaflokkum sem ákveðið var að taka til umfjöllunar á íbúðþinginu.

Útivistarsvæði og göngustígar

Áformað er að gera endurbætur á útivistarsvæði undir Hamri, þ.e. svæði næst byggð að sunnanverðu.

Á undanförunum árum hefur verið unnið að því að fylgja eftir skipulagi um göngustíganet innan byggðar. Eftir er að leggja hluta þeirra stíga sem áformaðir eru skv. skipulagi.

Skólalóðir og leiksvæði

Fyrir liggja frumdrög að hönnun skólalóðar, frá fyrirtækinu Landslagi.

Undirbúningur vegna byggingar nýs leikskóla er í fullum gangi, en ekki hefur verið tekin ákvörðun um hver verði hönnuður að leikskólalóðinni.

Samkvæmt fjárhagsáætlun er áformað að ljúka endurbótum á leikvelli við Hólavöll og koma upp nýju smábarnaleiksvæði við Heiðarbrún.

¹ Heimild: Heimasíða Hveragerðisbæjar/Umhverfismál.

² Heimild: Heimasíða Hveragerðisbæjar/Umhverfismál.

Umhverfismál

Áin Varmá, frá upptökum, er á náttúruminjaskrá, ásamt Ölfusforum. Svæðið tilheyrir Hveragerðisbæ aðeins að hluta. Í lýsingu í náttúruminjaskrá segir: „Mörk svæðisins að vestan fylgja túnjöðrum frá Varmá að Hrauni ásamt þurárhrauni. Að austan frá Varmá að Gljúfurá og suður með túnjöðrum að Ölfusá ásamt Arnarbæliseyjum, þaðan í vestur að Hrauni.(2) Ölfusforir eru víðáttumiklar, blautar engjar með miklu og fjölskrúðugu fuglalífi. Varmá hefur mikið vísindalegt gildi.”³

Fornleifaskráning var unnin árið 2001. Síðar hafa fundist þrjár fornar leiðir sem voru skráðar í tengslum við vegagerð á Hellisheiði.

Umferð og umferðaröryggi

Umferðaröryggi er mál sem talsvert hefur brunnið á íbúum Hveragerðis. Ein aðalgata bæjarins, Breiðamörk er þjóðvegur í þéttbýli. Þar hafa verið hannaðar ýmsar breytingar til að draga úr umferð og gera götuna aðlaðandi. Breytingarnar koma til framkvæmda á þessu ári.

Eftir er að ganga frá og malbika nokkrar eldri götur í bænum. Því þarf að ljúka fyrir árið 2006 til að hægt sé að innheimta B-gjöld og eru þessar framkvæmdir inni á þriggja ára áætlun bæjarins.

Með uppbyggingu nýs íbúðasvæðis að Hraunbæ, þarf að leysa tengingar við það hverfi.

Meðal þess sem fellur undir umferðaröryggi, eru gönguleiðir barna, milli heimilis, skóla og tómsunda. Gerð var um þetta könnun fyrir 2 – 3 árum og nú í haust var í framhaldi af því komið á gangbrautarvörslu á einum stað.

Sorpmál

Sorp fer til förgunar hjá Sorpstöð Suðurlands og verktaki á Selfossi sér um sorphirðu.

Gámþjónustan hefur sett sig í samband við Hveragerðisbæ og er til athugunar að koma á ákveðnu tilraunaverkefni í sorpmálum. Þá verði komið fyrir tveimur tunnum við hvert hús og farið að jarðgera lífrænan úrgang. Ákveðið var að nýta íbúáþingið til að kalla eftir hugmyndum um staðsetningu grenndarstöðva, með þann möguleika í huga að færa gám sem nú stendur við Esso.

Eitt af markmiðum staðardagskrár 21 er að minnka meðalsorpmagn á íbúa um 6 % á ári fram til ársins 2006.

Forvarnir og löggæsla

Talsvert hefur verið um fíkniefnamál í Hveragerði. Ekki er víst að það sé meira um fíkniefni þar en á öðrum sambærilegum stöðum, en ímynd bæjarins virðist litast nokkuð af þessum málum.

Löggæslu í Hveragerði er sinnt frá Selfossi. Full þörf væri á meiri þjónustu.

Forvarnarstarf í Grunnskólanum er gott og foreldraröltið öflugt.

³ Heimild: www.ust.is/Naturuvernd/Naturuminjaskra/nr/301

Íþrótt- og æskulýðsmál

Frá 1. ágúst verður ráðinn íþrótt- og æskulýðsfulltrúi og vildi bæjarstjórn nýta íbúabíngið til að fá fram hugmyndir um mótun þess starfs.

Félagsmiðstöð fyrir unglinga á skólaaldri var opnuð aftur í haust eftir að hafa verið lokuð um skeið.

Í athugun er að koma upp „Húsi unga fólksins“, sem verði sérstaklega ætlað aldurshópnum 16 – 18 ára. Fyrirmyndir eru m.a. Gamla Apótekið á Ísafirði og Hitt húsið í Reykjavík. Spurning er um staðsetningu, en Ullarþvottastöð undir Hamrinum gæti komið til greina.

Í stærra samhengi

Stærð og landrými Hveragerðis er mjög takmarkandi þáttur fyrir vöxt sveitarfélagsins. Á íbúabínginu var nokkuð rætt um hver væri æskilegur íbúafjöldi og var mest fylgi við að hann væri á bilinu 2.500 – 3.000.

Hlutfall eldri borgara er tiltölulega hátt í bænum, eða 11,7%, miðað við 10,4% landsmeðaltal og 5,4% í Þorlákshöfn, þar sem þetta hlutfall er reyndar óvenju lágt.

Mikill ferðamannastraumur er til Hveragerðis, en hann er bundinn við fáa staði, aðallega Eden. Þarna liggja ýmis sóknarfæri.

Fjölgun íbúa á undanförunum árum skýrist að talsverðu leyti af því að fólk velur að búa í Hveragerði, jafnvel þó það þurfi að sækja vinnu til höfuðborgarsvæðisins eða annarra sveitarfélaga. Þetta á reyndar við í báðar áttir, þ.e. að fólk búsett annars staðar sækir vinnu í Hveragerði. Það virðist því stefna í þá þróun að Hveragerði verði að nokkru leyti „úthverfi“ frá Reykjavík.



„Aðstaða til íþrótt- og leikja og útivistar verði til fyrirmyndað svo eftir verði tekið.“

3. ÍBÚAÞING; AÐFERÐ, UNDIRBÚNINGUR OG FRAMKVÆMD

Sú aðferð sem Alta beitir á íbúapingum kallast samráðsskipulag og hefur verið þróuð í tengslum við skipulagsvinnu, m.a. í Bretlandi. Alta hefur mótað þessa aðferðafræði á Íslandi í samráði við John Thompson & Partners í Bretlandi. Með samráðsskipulagi gefst öllum sem þess óska, jafnt íbúum sem og öðrum hagsmunaaðilum, tækifæri til að taka virkan þátt í mótun framtíðarsýnar fyrir viðkomandi sveitarfélag, hvort heldur einn málaflökkur er til umfjöllunar líkt og á íbúapinginu í Hveragerði, eða aðalskipulag heils sveitarfélags.

3.1. Skipulagning íbúapingsins

Þegar bæjarstjórn Hveragerðis hafði ákveðið að halda íbúaping í samstarfi við Alta, tók Alta við umsjón með skipulagningu þess. Myndaður var stýrihópur með fulltrúum bæjarins, þeim Þorsteini Hjartarsyni, forseta bæjarstjórnar, Kolbrúnu Þóru Oddsdóttur, umhverfisstjóra, Guðjóni Sigurðssyni, skólustjóra Grunnskólans og Davíð Samúelssyni, forstöðumanni Upplýsingamiðstöðvar Suðurlands. Jafnframt tók bæjarstjóri, Orri Hlöðversson, þátt í starfi stýrihópsins, ásamt fulltrúum Alta, þeim Sigurborgu Kr. Hannesdóttur verkefnisstjóra og Elínu Vignisdóttur. Við undirbúning íbúapingsins var meðal annars haldinn hugarflugsfundur með bæjarfulltrúum og bæjarstarfsmönnum Hveragerðis og haldinn sérstakur undirbúnings- og kynningarfundur með þeim starfsmönnum bæjarins sem störfuðu á þinginu.

Þingið var kynnt með margvíslegum hætti. Meðal annars voru send bréf og dagskrá í hvert hús. Birtar voru greinar og viðtöl í Sunnlenska og Morgunblaðinu. Viðtöl voru við bæjarstjórnann og verkefnisstjóra Alta í Útvarpi Suðurlands og við bæjarstjóra í dægurmálaútvarpi Rásar 2. Sett voru upp veggspjöld á fjölförnum stöðum í bænum og skilti við Breiðumörk sem minnti á þingið.

Send voru út boðsbréf til félagasamtaka sem koma að málefnum er varða umhverfið og fjölskylduna.

Fyrir þingið var unnið með 9 ára börnum og 14 ára unglíngum í Grunnskólanum í Hveragerði og mættu fulltrúar þeirra til þingsins og kynntu niðurstöður sínar og teikningar.



*„Hveragerði hefur
nú skipað sér í
forystusveit
sveitarfélaga
sem vilja fara nýjar
leiðir í stjórnun“*

3.2. Íbúapingið

Íbúapingið var haldið laugardaginn 5. apríl í Grunnskólanum í Hveragerði og stóð frá klukkan 9:30 til 16. Þingið hófst með söng unglingakórs Grunnskólans, undir stjórn Kristínar Sigfúsdóttur en í framhaldi af því setti forseti bæjarstjórnar, Þorsteinn Hjartarson, þingið. Í kjölfarið tók Alta við umsjón þingsins. Fyrir hádegi starfaði vinnuhópur sem fjallaði um „Umhverfið“ og urðu þar miklar og líflegar umræður. Fyrir hádegishlé kynntu börn og unglingar úr Grunnskólanum sínar hugmyndir.

Í hádegishléinu var boði upp á léttar veitingar við ljúfa tóna frá Tónlistarskóla Árnesinga í Hveragerði, undir stjórn Ian Wilkinson og Harðar Friðþjófsssonar. Þegar dagskráin hófst aftur störfuðu tveir vinnuhópar. Fyrri hópurinn fjallaði um „Samveruna“, þ.e. mannlífið í Hveragerði og sá síðari ræddi hver ættu að vera næstu skref í því að fylgja niðurstöðum íbúapingsins eftir. Á sama tíma unnu tveir skipulagshópar. Annar þeirra fjallaði um „Heilsu- og útivistarbæinn Hveragerði“ og hinn var sérstakur vinnuhópur unglunga. Fulltrúar hópanna kynntu sínar niðurstöður áður en þingi lauk.

Samhliða vinnuhópum héngu upp á vegg allt þingið kort og loftmyndir af bænum þar sem fólki gafst kostur á að setja inn athugasemdir sínar við hin ýmsu þemu, t.d. göngu- og reiðleiðir, útivistarsvæði og skólalóð.

Þinginu var síðan slitið með lokahring þar sem hver og einn þátttakandi sagði örfá orð.

Rúmlega 110 íbúar Hveragerðis tóku þátt í þinginu. Áður hafði verið unnið með 77 nemendum úr Grunnskólanum sem gerir í allt hátt í 200 manns sem tóku þátt íbúapinginu.

3.3. Úrvinnsla og kynning niðurstaðna

Úrvinnsla sérfræðinga Alta hófst strax að þingi loknu á laugardagseftirmiðdegi og var henni haldið áfram fram að kynningu á þriðjudagskvöldi. Við þá vinnu voru greind helstu sameiginleg skilaboð úr vinnuhópum og skipulagsvinnu.

Niðurstöður frá íbúapinginu voru síðan kynntar í máli og myndum á þriðjudagskvöldi þann 8. apríl, í Grunnskólanum. Á kynninguna mættu milli 50 og 60 manns.

„Forgangsraða fjármunum til verkefna sem snúa beint að fjölskyldunni“

Íbúæþing í Hveragerði 5. apríl 2003 Umhverfi fjölskyldunnar

*Þú setur fram þín sjónarmið í skemmtilegri vinnu – þín skoðun skiptir máli!
Líttu inn og taktu þátt í einum vinnuhópi eða fleiri eða vertu með allan daginn.
Barnagæsla.*

DAGSKRÁ ÍBÚAÞINGS	
Kl. 9.30	Húsið opnað; Boðið upp á kaffi og rúnstykki, tilvalið að byrja að velta fyrir sér ýmsum viðfangsefnum sem varða skipulag í bænum. Kort og loftmyndir á veggjum og fagfólk sem hlustar á þínar hugmyndir.
Kl 9.45	Unglingakór Grunnskólans syngur
Kl 10.00	Setning; Þorsteinn Hjartarson, forseti bæjarstjórnar
Kl 10:15	Umhverfið Gönguleiðir og stígakerfi; innan bæjar og utan Útivistarsvæði fyrir alla Skólalóðir; skapandi og skemmtilegar Leiksvæði; fleiri og betri Umferðaröryggi í öndvegi Umgengni okkar allra
Kl 11:45	Niðurstöður dregnar saman Umhverfi fjölskyldunnar frá sjónarhóli nemenda úr Grunnskólanum; fulltrúar 5. og 9. bekkja kynna sínar hugmyndir
Kl 12:30	Hádegishlé. Hádegismatur seldur á vægu verði. Lifandi tónlist
Kl 13.00	Samveran Fjölskyldan; öll saman Börnin; í skólanum og utan skólatíma Unga fólk; skóli og tómstundaaðstaða Íþróttir; aðstaðan og starfsemin Forvarnir og félagslíf
Kl 14:15	Niðurstöður dregnar saman. Kaffi og meðlæti í boði
Kl 14:30	Aukið samráð milli bæjaryfirvalda og íbúa. Hvernig á það að vera og hverju þarf það að skila?
Kl 15.15	Næstu skref Forgangsröðun verkefna
Allan daginn	Skipulag <i>Tekið verður við hugmyndum íbúa um skipulagsmál sem snerta umhverfi fjölskyldunnar</i> Meðal viðfangsefna: – Gönguleiðir og stígakerfi – Útivistarsvæði – Skólalóðir og leiksvæði
Kl 16.00	Þingslit

4. NIÐURSTÖÐUR UM EINSTÖK SVÆÐI OG VIÐFANGSEFNI

Hér fara á eftir helstu niðurstöður um einstök svæði og viðfangsefni sem voru til umfjöllunar á íbúáþinginu.

4.1. Ásýnd og ímynd

Á þinginu kom fram að íbúum finnst ásýnd bæjarins ábótavant í ýmsum atriðum, s.s. frágangi í iðnaðarhverfi, á opnum svæðum, götum og göngustígum og ónýt gróðurhús eru til lýta. Íbúar skynja að fréttir af fíkniefnamálum og pólitískum ágreiningi virðast hafa skaðað ímynd bæjarins út á við. Hvergerðingar eru meðvitaðir um að það er í þeirra valdi að breyta þessu og er fullur hugur í bænum til að taka á þessum málum með samstilltu átaki íbúa, félagasamtaka, fyrirtækja og bæjaryfirvalda.

4.2. Forgangsröðun verkefna

Talsvert hefur borið á því að uppbyggingu ýmissa umhverfisverkefna og frágangi þeirra hafi ekki verið lokið til fulls og eru það skilaboð íbúáþingsins að ganga þurfi harðar fram í því að forgangsráða verkefnum, bæði þeim sem fyrir liggja og öðrum nýjum sem eru á döfinni. Þetta á reyndar bæði við um umhverfisverkefni og önnur verkefni bæjarins.

4.3. Íþróttastaða

Fram kom að bæta þurfi íþróttastaðu til muna. Íþróttahúsið er orðið of lítið fyrir almenna notkun. Óskað var eftir fjölgun á körfu- og boltavöllum á leiksvæðum, eins og hverfis- og grenndarvöllum og að komið verði upp malarvelli fyrir fótbolta. Sundlaugin nýtur greinilega mikilla vinsælda bæði meðal heimamanna og gesta, en þó voru flestir á þeirri skoðun að bæta þurfi þar leikastöðu fyrir börn, þó svo að þá þurfi að fórna því rólega andrúmslofti sem laugin býður uppá.



„Gera sundlaugin aftirsóknarverðari fyrir barnafólk“

4.4. Göngu- og reiðstígar


Fyrir liggur umhverfisskipulag Hveragerðis þar sem gert er ráð fyrir göngu- og reiðstígakerfi. Almennt kom fram ánægja með skipulag göngustíga, en bent var á að það þurfi að ganga betur frá þeim og tengja göngustígana í byggðinni við grænu svæðin og/eða útivistarsvæðin í bænum og við útjaðarinn, þ.m.t. útivistarsvæðið undir Hamrinum. Einnig komu fram ábendingar um að merkingar þurfi að bæta.

Reiðstígum þarf að fjölga að mati þátttakenda, m.a. til að koma í veg fyrir að göngustígar séu notaðir sem reiðstígar. Nauðsynlegt sé að eiga samstarf við hagsmunaaðila og Ölfus í þessu máli.



„Göngustígaskipulagið er gott en það þarf að klára“

Sú hugmynd kom einnig fram að nota Varmána meira sem útivistarsvæði. Meðfram ánni væri hægt að koma upp gönguleið sem bæði bæjarbúar og gestir gætu notið.



4.5. Útivistaraðstaða – Hamarinn

Fyrir dyrum stendur að halda áfram að bæta útivistaraðstöðu á svæðinu sunnan undir Hamrinum, en þar er nú þegar fjölnota grasvöllur og kominn göngustígur yfir og við Hamarinn, sem að hluta er í skóglendi. Þátttakendur á íbúafinginu fögnuðu þessu framtaki og lögðu gríðarlega áherslu á að þeirri uppbyggingu verði haldið áfram af krafti. Líkur eru á að ullarpvottastöð sem stendur í grennd við svæðið, verði lögð af á þeim stað og sjá íbúar það sem sóknarfæri sem ætti að tengja útivistarsvæðinu. Þátttakendur sáu fyrir sér að þarna geti orðið „Kjarnaskógur“ Hvergerðinga, sem jafnframt muni laða að sér gesti víðar að.

„Fyrsta verkefnið: „Kjarnaskóg“ undir Hamarinn“



4.6. Leik- og útivistarsvæði

Ýmsar ábendingar komu um útivistar- og leiksvæðin í Hveragerði, önnur en undir Hamrinum. Börnin sögðu meðal annars að skólalóðin sé í raun aðal leiksvæðið. Fram kom að það vanti fleiri minni sparkvelli inni í íbúðahverfum. Helstu hugmyndir og ábendingar er að finna á kortinu.



„Vantar fleiri fótbolta og körfuboltavelli úti hverfin“

“Hér er ekkert línuskauta- og hjólabrettasvæði. Á þannig svæði væri hægt að stunda street-hökký“

„Frá krökkunum: Það er ekki nóg að láta krakkana hanna velli og leiksvæði, það þarf líka að byggja þau“

4.8. Umferð

Ýmsar ábendingar komu fram um umferð í Hveragerði, sem sjá má hér. Varðandi lokun á Skólamörk kom fram sú hugmynd að það yrði eingöngu gert á álagstíma, t.d. með því að strengja keðju yfir götuna.



Áformaðar eru breytingar á Breiðumörk, til að draga úr umferð og gera götuna aðlaðandi og koma þær til framkvæmda á þessu ári. Á íbúáþinginu var hægt að koma með ábendingar og athugasemdir við þá hönnun sem nú liggur fyrir. Helst komu athugasemdir um staðsetningu trjáa, að tré á miðri götunni byrgi útsýni fyrir stærri bíla og nefndur sá möguleiki að hafa tré til hliðanna og þrengja götuna.



„Lækka umferðarhraðann, búa til vistgötur og einstefnur“

4.9. Staðsetning blaða- og fernugáma

Kallað var eftir hugmyndum um staðsetningu blaða- og fernugáma. Sjá mynd.



4.10. Menningar- og félagsmiðstöð

Áhugi Hvergerðinga á að komið verði upp einhvers konar menningar- og félagsmiðstöð kom greinilega fram á íbúafinginu. Margvísleg starfsemi var þar nefnd til sögunnar, s.s. íþróttaaðstaða og aðstaða fyrir félagsstarf, námskeið og tólmstundir. Nefndar voru hugmyndir á borð við handverkshús, kaffihús og blóma- og grænmetismarkað. Miðstöðin ætti að höfða til allra aldurshópa, en lögð var sérstök áhersla á aldurshópinn 16 – 20 ára. Það húsnæði sem helst var nefnt fyrir slíka starfsemi var ullarþvottastöðin, gamla hótelið og aflögð gróðurhús.

„Ullarþvottastöðin er sóknarfæri“

„Nýta ónýtt gróðurhús sem athafnahús fyrir unga sem aldna bæjarbúa“

4.11. Starf íþrótt- og æskulýðsfulltrúa

Frá 1. ágúst n.k. verður komið á fót nýju starfi íþrótt- og æskulýðsfulltrúa og var það eitt af markmiðum þingsins að kalla eftir hugmyndum um þau verkefni sem hann ætti að sinna. Þátttakendur töldu nauðsynlegt að mótuð verði stefna um starfið og verkefna- og kostnaðaráætlun í framhaldi af því. Meðal verkefna verði að samræma bæði félagsstarf barna og það forvarnastarf sem þegar er unnið í bænum. Leggja þurfi áherslu á að koma upp samastað fyrir unglina og bæta íþróttaaðstöðuna, en jafnframt að auka tómsundamöguleika þeirra sem ekki finna sig í íþróttastarfi. Talið var mikilvægt að stefna að því að auka samveru kynslóða og að efla enn frekar samstarf við nágrennasveitarfélögin á sviði íþrótt- og æskulýðsmála.

4.12. Hugmyndir barna og unglina

Fyrir þingið var unnið með 5. bekkjum Grunnskólans og 9. bekk og fleiri nemendum á unglingastigi og kynntu fulltrúar þeirra niðurstöður sínar á þinginu. Fram kom ánægja með skólann eins og reyndar líka hjá hinum fullorðnu. Yngri börnin lýstu því yfir að það er gott að búa í Hveragerði, vegna þess hvað bærinn er rólegur og hægt að labba allt sem þau þurfa að fara. Þau eru ánægð með sundlauginu en bentu á að það mætti setja þar rennibraut. Þau nefndu það sérstaklega að „fólkið er skemmtilegt út af því að við þekkjumst svo vel“.

Eldri krakkarnir eru að sama skapi ánægð með litla umferð og stuttar vegalengdir og fagna því að búið er að opna félagsmiðstöðina eftir langt hlé. Þau kvarta undan því að íþróttahúsið er alltof lítið og eiga sér óskir um gervigrasvöll og litla körfu- og fótboltavelli og síðast en ekki síst um línuskauta- og hjólabrettasvæði. Þau tóku sérstaklega fram að umhverfið og náttúran í Hveragerði er mjög falleg og að í bænum eru margar náttúrulífspurlur. Þau hugsuðu líka út fyrir bæinn sinn og tjáðu draum sinn um frið á jörð.



„Maður getur labbað allt og það er ekki mikil umferð í Hveragerði“



„Nemendur fá verkefni við sitt hæfi og samskipti við kennara og starfsfólk eru í fínu lagi“

5. SAMRÁÐ

Bæjarstjórn Hveragerðis vill leggja aukna áherslu á samráð við íbúa við stefnumótun og forgangsröðun verkefna í bæjarfélaginu og markaði íbúabíngið veigamikil skref í þá átt. Þátttakendur fögnuðu þessu og töldu að það myndi styrkja Hveragerði, bæði inn á við og út á við. Fram komu ýmsar hugmyndir um leiðir til að bæta upplýsingastreymi frá bæjarstjórn til íbúa og um formlegan samráðsvettvang.

Ímynd

Á íbúabínginu var lögð áhersla á að byggja upp jákvæða ímynd af Hveragerði. Þar er fyrst og fremst vísað til landsfjölmíðla, en almennt var talið að jákvæð umfjöllun þar gæti jafnframt skilað jákvæðum árangri inn á við, meðal íbúanna sjálfra. Helst var nefnt að bærinn gæti staðið fyrir reglulegum blaðamannafundum og gerði sem mest af því að senda fréttir frá bænum, með sérstaka áherslu á jákvæð málefni.

Upplýsingastreymi frá bæjarstjórn til íbúa

Það sem þátttakendur töldu helst koma til greina til að bæta og auka upplýsingastreymi frá bæjarstjórn, var að nýta heimasíðuna enn betur og að útvarpa bæjarstjórnarfundum.

Formlegar samráðsleiðir

Ein af helstu niðurstöðum hópsins sem fjallaði um samráð og næstu skref, var að það myndi styrkja samskipti íbúa og bæjaryfirvalda ef haldinn væri sameiginlegur stefnumótunarfundur, með fulltrúum bæjaryfirvalda, stofnana ríkisins í bænum, félagasamtaka og fyrirtækja. Slíkur fundur ætti jafnframt að vera opinn öllum íbúum. Heppileg tímasetning væri fyrir gerð fjárhagsáætlunar, þannig að hann gæti verið efniviður við forgangsröðun verkefna.

Bent var á að þjónustusamningar sem sveitarfélagið áformar að gera við félagasamtök, bjóði upp á tækifæri til að virkja félögin í ýmis jákvæð verkefni fyrir samfélagið og að sjálfsagt væri að nýta það.

Einnig mætti efna til samráðsfunda um tiltekin málefni, með viðkomandi hagsmunaaðilum og opinna funda með íbúum, þar sem mál væru tekin fyrir almennt.

Þá var nefndur sá möguleiki að láta gera kannanir meðal íbúanna, um einstök málefni, eða koma upp aðgengilegum hugmyndabanka.

Niðurstaðan var að um þetta þurfi að móta stefnu og taka upp ákveðnar verklagsreglur.

*„Verðlaun fyrir að mæta á íbúabínging verða að koma fljótt.
Ekki bara vöflur með rjóma, það þarf að vera meira sýnilegt“*

Samskipti meðal íbúa

Íbúar gerðu ekki aðeins kröfur til bæjarstjórnar, heldur bentu jafnframt á að þeir sjálfir gætu gert betur í að auka samheldni, m.a. með óformlegum samkomum og uppákomum af ýmsu tagi. Meðal annars kom fram sú hugmynd að haldinn verði sérstakur kynningardagur fyrir nýja íbúa í bænum, þar sem félagasamtök og aðrir kynni starfsemi sína. Lagt var til að kannað verði hvort grundvöllur og áhugi sé meðal Hvergerðinga, fyrir stofnun íbúasamtaka.



„Þeir sem mæta ekki á fundi, þeir geta ekki verið að böggast, þeir mættu ekki. Þeir þurfa að taka ábyrgð á sínu samfélagi“

„Ég held að það sem vanti hjá okkur, að það er margt sem við erum að gera, margt gott, en það er ekki alltaf sýnilegt“



6. PERLUR HVERAGERÐIS – BEST VARÐVEITTA LEYNDARMÁLID?

Á íbúáþinginu í Hveragerði, um umhverfi fjölskyldunnar, komu fram fjölmargar hugmyndir um skemmtilega möguleika og sóknarfæri varðandi útivistarsvæði, göngu- og reiðleiðir og heilsubæinn Hveragerði. Þegar allt þetta hefur verið tekið saman, kemur í ljós að unglिंगarnir í Grunnskólanum hittu naglann á höfuðið þegar þau sögðu að „í Hveragerði eru fjölmargar náttúrulífsperlur“. Óvíða eru jafn margir einstakir staðir innan bæjarmarka, en þeir eru hins vegar vel faldir og í sumum tilfellum er aðgengi að þeim ekki nægilega gott. Það má því segja að þarna séu vel varðveitt leyndarmál sem í reynd eru eitt helsta sóknarfæri Hvergerðinga.


Þar ber helst að nefna, góða sundlaug, lystigarð og hverasvæði inni í miðjum bænum, Varmána, þar sem hægt er að skipuleggja skemmtilega gönguleið og e.t.v. baðstöðu, Hamarinn og svæðið sunnan undir honum, þar sem gæti orðið framtíðar „Kjarnaskógur“ Hvergerðinga og loks Ölfusdal, þar sem hafin er skógrækt og áformað er að framtíðar íþróttasvæði Hvergerðinga verði.

Þetta, ásamt íþrótt- og/eða menningarmiðstöð sem e.t.v. yrði staðsett í því húsnæði sem nú hýsir ullarþvottastöð, er sóknarfæri sem með samstilltu átaki íbúa, félagasamtaka, atvinnurekenda og bæjaryfirvalda getur dregið fram þá sérstöðu sem Hveragerði hefur nú þegar yfir að ráða. Með því að tengja þessar perlur og bæta aðgengi, merkingar og upplýsingagjöf, er hægt að skapa útivistarparadís í Hveragerði, sem á sér fáar, ef nokkrar, hliðstæður í þéttbýli hér á landi. Það mun tvímælalaust höfða til þeirra fjölmörgu gesta sem þegar sækja Hveragerði heim en síðast en ekki síst mun það bæta „umhverfi fjölskyldunnar“, auðga líf bæjarbúa og gera Hveragerði enn ákjósanlegra til búsetu.



„Við skulum rækta það sem við höfum, náttúruna, fegurð, fjölskylduna“

Í Hveragerði eru fjölmargar perlur sem bjóða upp á mikil sóknarfæri fyrir bæinn. Líta þarf á þær sem eina heild og tengja saman með heildstæðum stígatengingum og góðum upplýsingum og merkingum. Hægt væri að gefa göngustígum nöfn og nota sérhönnuð skilti þar sem vísað er á leiðina af einum stað á annan. Þannig styrkist „umhverfi fjölskyldunnar“ í Hveragerði, fyrst og fremst fyrir heimamenn, en jafnframt fyrir gesti.



1. Lystigarðurinn
 - Gera aðgengilegri frá skólanum.
 - Blóma- og grænmetismarkaður, t.d. á og/eða við skólalóð.
 - Bílastæði við skóla og íþróttahús nýtast fyrir lystigarð og markað.
2. Sundlaugin í Laugaskarði
 - Loka Skólamörkinni tímabundið á skólatíma, t.d. með keðju, frekar en að loka götunni alveg, sem myndi takmarka aðgengi að sundlaug.
3. Hverasvæðið
 - Gera það sýnilegra og kynna betur.
4. Varmáin
 - Gönguleið meðfram ánni.
 - Baðaðstaða við Baulu, t.d. skýli úr torfi og grjóti. Kallar ekki á gæslu.
5. Hamarinn og útivistarsvæði undir Hamrinum
 - „Kjarnaskógur“ Hvergerðinga – útivistarsvæði fyrir ólíka hópa, fyrst og fremst ætlað heimamönnum, en nýtist einnig ferðapjónustu.
 - Athuga þarf aðgengi að svæðinu, ekki eingöngu í gegnum íbúðasvæði.
 - Bílastæði fyrir gesti, e.t.v. norðan við ullarþvottastöð.
 - Merkja gönguleið frá hverasvæði.
 - Ullarþvottastöð – sóknarfæri tengd svæðinu; útivist, íþróttir, menning.
 - E.t.v. rétt að bíða með úthlutun byggingarlóða þar til heildrænt skipulag fyrir útivistarsvæðið liggur fyrir.
6. Ölfusdalur
 - Framtíðar íþróttasvæði. Skógrækt.
7. Þjónusta við ferðamenn
 - Mikið af þeirri ferðapjónustu sem dregur til sín hvað flesta gesti, er í dag bundin við afmarkað svæði nálægt þjóðveginum, s.s. Eden og Hótel Örk. Þar er jafnframt áformað að byggja nýja verslunarmiðstöð.
 - Mögulegt er að ná hluta af þessum hópi lengra inn í bæinn, með markvissum stígatengingum og góðum upplýsingum og merkingum.



7. ÁFRAM VEGINN

Þátttakendur á íbúáþinginu í Hveragerði lýstu ánægju sinni með að fá tækifæri til að koma hugmyndum sínum og sjónarmiðum á framfæri við bæjaryfirvöld, með þeim hætti sem þar var gert. Frá þinginu bárust skýr skilaboð um að fyrsta verkefnið við að fylgja eftir niðurstöðum þingsins, sé uppbygging á útivistarsvæðinu undir Hamrinum.

Með einföldum hætti og að líkindum án teljandi kostnaðar, er hægt að tengja saman allar helstu perlur Hveragerðis og gera að heildstæðri afþreyingu fyrir íbúa bæjarins og gesti. Þannig er hægt að hlúa betur að útivist, heilsu og samveru allrar fjölskyldunnar og lengja viðdvöl ferðamanna í bænum.

Íbúum er umhugað um að bæta ásýnd og ímynd Hveragerðis og telja að það þurfi að gerast annars vegar með úrbótum á ytra umhverfi og hins vegar með innra starfi bæjaryfirvalda og íbúa. Mikilvægur þáttur í að bæta ímyndina er að stuðla að jákvæðum frétttaflutningi frá Hveragerði, í fjölmiðlum.

Almennt litu þátttakendur á íbúáþinginu svo á að verði ullarþvottastöðin flutt, sé þar spennandi sóknarfæri fyrir bæinn.

Lögð var áhersla á að þingið þurfi að skila sýnilegum árangri, þannig að fólk sé tilbúið til að vera virkt áfram og að traust milli íbúa og bæjaryfirvalda byggist upp. Liður í því er að bæjarstjórn vinni áfram eftir þeim ásetningi sínum að auka samráð við íbúa. Þar skiptir miklu að mörkuð verði stefna um samráð og verklagsreglur þar um, þannig að allir viti að hverju þeir gangi, íbúar, starfsmenn bæjarins og pólitískt kjörnir fulltrúar.



„Klára verkefni sem byrjað hefur verið á í bænum“

8. VIÐAUKAR – NIÐURSTÖÐUR HÓPA

Í viðaukum birtast niðurstöður þeirra vinnu- og skipulagshópa sem unnið var í á íbúápinginu.



„Góð lausn á ýmsu sem aflaga fer eða vanda þarf betur er t.d. samráð og samvinna íbúa, t.d. með sjálfboðavinnu“

8.1. Umhverfið

Í hópnum sem fjallaði um umhverfið sátu um 40 – 50 manns. Miklar umræður urðu í hópnum um göngu- og reiðleiðir. Fólk var óánægt með að vegna skorts á reiðleiðum nýta hestamenn sér göngustígana og töldu þörf á úrbótum. Hópurinn vildi einnig að göngustígar bæjarins væru betur tengdir saman og gönguleiðir merktar. Þá voru allir sammála um að umgengni í bænum er víða slæm, t.d. í iðnaðarhverfinu sem er ásýnd bæjarins og huga þurfi að frágangi gatna, göngustíga og opinna svæða.

Niðurstöður

UMHVERFIÐ

Málefni

- Ásýnd bæjarins er víða ábótavant, sem kemur niður á ímynd; s.s. ónýtt gróðurhús, frágangur í iðnaðarhverfi, á opnum svæðum, götum og göngustígum.
 - Vegna skorts á reiðleiðum eru göngustígar notaðir sem reiðstígar, sem skapar ákveðin vandamál. Einnig vantar tengingar við reiðstíga í Ölfusi.
 - Tengingum milli göngustíga er ábótavant og vantar bekkir og merkingar.
 - Íþróttastaða annar ekki eftirspurn; íþróttahús er sprungið og á opnum svæðum vantar litla körfu- og fótboltavelli og malarvöll fyrir fótbolta. Sundlaugin er ekki nægilega fjölskylduvæn.
 - Lausaganga hunda og katta veldur vanda.
 - Of hröð umferð í bænum og mikil umferð við skóla á annatímum skapar hættu.
 - Vantar að byggja upp útivistaraðstöðu undir Hamrinum.
 - Mengun í Varmá er vandamál.
-
- **Aðgerðir**
 - Farið verði í allsherjar átak í umhverfismálum þar sem íbúar, félagasamtök, fyrirtæki og bæjaryfirvöld taki höndum saman. Verkefnum verði forgangsraðað.
 - Reiðstígum verði fjölgað og þeir bættir. Þetta verði skoðað í tengslum við vinnu við nýtt aðalskipulag og unnið í samráði við hagsmunaaðila og Ölfus.
 - Haldið verði áfram uppbyggingu göngustíga samkvæmt fyrirbyggjandi skipulagi. Bekkjum verði fjölgað þar sem við á og merkingar bættar.
 - Mótun verði stefna um uppbyggingu íþróttastaða og verkefnum forgangsraðað.
 - Hert verði á eftirliti með dýrahaldi og aðgerðum og eigendur kallaðir til ábyrgðar. Kannaðir verði möguleikar á að koma upp svæði þar sem hundar geti verið lausir.
 - Hægt verði á umferð m.a. með hraðahindrunum og vistgötum. Skólamörk verði lokað með keðju á annatímum.
 - Með þeirri tilfærslu ullarþvottastöðvar eða bættum mengunarvörnum sem er áformað mun Varmá verða hreinni. Hugað verði að betri frágangi mannvirkja meðfram ánni með samstilltu átaki íbúa.

8.2. Samveran

Þátttakendur í hópnum sem fjallaði um samveruna voru um 30. Fjórugar umræður sköpuðust um útivistarsvæðið undir Hamrinum og hvernig hægt væri að byggja það svæði upp. Þá var hópurinn sammála um að það vantaði félagsaðstöðu, ekki einungis fyrir ungt fólk, heldur aðstöðu þar sem ólíkir hópar af öllum aldri gætu komið saman til samveru og tómsundaiðkunar. Þá mætti bæta þá aðstöðu sem fyrir er.

Niðurstöður

SAMVERAN

Málefni

- Það þarf að bæta aðstöðuna á skjólgóða svæðinu undir Hamrinum til að það nýtist betur til útivistar og afþreyingar fyrir íbúa Hveragerðis.
- Það vantar aðstöðu bæði inni og úti fyrir unglunga á aldrinum 16 – 20 ára og starfsemi fyrir þá sem finna sig ekki í íþróttum.
- Íþróttaaðstaða er ekki fullnægjandi, íþróttahúsið er sprungið og bæta þarf aðstöðu fyrir aðrar íþróttir.
- Nýir íbúar eiga oft erfitt með að komast inn í samfélagið og vita ekki alltaf hvaða félagsstarf er í boði.
- Félagsstarf er aðgreint milli hópa og kynslóða og það vantar sameiginlega aðstöðu fyrir þessa hópa.
- Of lítill tími er til samveru fjölskyldunnar, m.a. þegar foreldrar sækja vinnu utan Hveragerðis.
- Þörf er á meiri aðstöðu sem hentar fyrir samveru allrar fjölskyldunnar.

Aðgerðir

- Hafin verði markviss vinna við að byggja upp útivistar- og afþreyingarsvæði undir Hamrinum, tengt ullarþvottastöð.
- Opnað verði hús fyrir unglunga til samveru og tómsunda og komið upp aðstöðu fyrir þau utandyra, t.d. hjólabrettarampi.
- Reist verði fjölnota íþróttahús og fjármagn aukið til íþrótt- og æskulýðsstarfs. E.t.v. hægt að nýta ullarþvottastöðina.
- Nýir íbúar verði boðnir velkomnir með kynningu á því félagsstarfi og uppákomum sem fram fara í bæjarfélaginu.
- Félagsstarf í bænum verð samræmt og komið upp sameiginlegri aðstöðu fyrir ólíka hópa, gæti t.d. verið í ullarþvottastöðinni.
- Fjölga atvinnutækifærum í bænum svo fjölskyldufólk þurfi ekki að sækja vinnu utan bæjarins.
- Meira verði gert fyrir börnin og alla fjölskylduna, t.d. með fjölskylduvænni sundlaug, skautasvelli, húsdýragarði og skemmtunum.

8.3. Hugmyndir 5. bekkja Grunnskólans í Hveragerði

Unnið var með börnum úr 5-H og 5-Ö í Grunnskólanum. Börnin voru spurð að því hvað þeim þætti gott við að búa í Hveragerði og hvað þeim þætti ekki nógu gott eða vildu hafa betra. Börnin komu með ýmsar hugmyndir og voru sammála um að gott væri að búa í Hveragerði. Þau vildu þó ýmsar úrbætur, þá helst að fá gervigrasvöll, stærra íþróttahús og körfuboltavelli. Þau vildu einnig fá rennibraut og leiktæki í sundlaugina.

Niðurstöður

5. BEKKIR GRUNNSKÓLANS Í HVERAGERÐI

Hvað er gott við að búa í Hveragerði:

- Af því að það er svo rólegt í Hveragerði en svo mikil umferð í Reykjavík.
- Það er stutt í allt því að bærinn er ekki svo stór, við getum labbað allt sem við þurfum að fara.
- Það er góð sundlaug og það er ólympíustærð á henni.
- Fólkið er skemmtilegt út af því að við þekkjumst svo vel.
- Fótboltavöllurinn undir Hamrinum er mjög góður út að því að hann er svo langur og breiður og gott skjól af Hamrinum (grassias).

Hverju mætti breyta ?

- Engu, það þarf ekkert endilega, þetta er frábær lítill bær.
- Fá stærra íþróttahús.
- Gera gervigrasvöll.
- Það vantar bíó, BT búð og góða fatabúð.
- Það mætti setja rennibraut við sundlaugina.

Hvað myndi ég gera ef ég mætti ráða

- Við viljum bíó í Hveragerði, því það er vesen að keyra í bæinn og sumir eiga ekki bíl.
- Stærri sundlaug með rennibraut og stökkbretti.
- Stækka íþróttahúsið og setja gryfju þangað.
- Setja tívolí, hjólastíga, körfuboltavöll og gera handboltavöll.
- Láta góðan gervigrasvöll og hann á að vera stór.

8.4. Hugmyndir 9. bekkjar Grunnskólans í Hveragerði

Allt unglíngastig Grunnskólans vann hugmyndavinnu fyrir íbúáþingið, en þau veltu fyrir sér kostum og göllum Hveragerðis og hverjir væru draumarnir. Fulltrúi 9. bekkja kynnti helstu niðurstöður á íbúáþinginu. Unglingarnir voru jákvæðir í garð Hveragerðis og ánægðir með að búið væri að opna félagsmiðstöðina aftur. En þau vildu þó að aðstaða til ýmissar tómstundaiðkunar væri bætt, t.d. með bættum boltavöllum og línuskauta- og hjólabrettasvæði.

Niðurstöður**9. BEKKIR GRUNNSKÓLANS Í HVERAGERÐI****Kostir:**

- Skólinn okkar er stór og aðbúnaður góður. Við höfum nýja skólastofu, raungreinastofu og síðast en ekki síst heimilisfræðistofu.
- Nemendur fá verkefni við sitt hæfi, samskipti við kennara og starfsfólk í finu lagi.
- Innan bæjar eru stuttar vegalengdir, umferð er frekar lítil og örskot til Reykjavíkur.
- Það er búið að opna félagsmiðstöðina eftir margra mánaða hlé.
- Umhverfið og náttúran í Hveragerði er mjög falleg. Hér eru margar náttúrulífspurlur.

Gallar:

- Einn stærsti gallinn í Hveragerði er sá að íþróttahúsið er alltof lítið! Það annar engan veginn þeirri eftirspurn sem er eftir tímum í húsinu.
- Enginn gervigrasvöllur.
- Lélegir körfuboltavellir.
- Íþróttastarfið líður fyrir það að aðstaðan er ekki nógu góð. Hér er ekki hægt að stunda handbolta eða frjálssar íþróttir.
- Hér er ekkert línuskauta- og hjólabrettasvæði. Á þannig svæði væri hægt að stunda street-hökký.

Draumar:

- Yfirbyggður gervigrasvöllur.
- Gamla hótelið notað undir félagsstarf unglínga.
- Stækkun á íþróttahúsinu og þar komið upp aðstöðu fyrir frjálssar íþróttir og handbolta.
- Að sett verði upp rennibraut og leiktæki í sundlauginni í Laugaskarði.
- Að hanna og skipuleggja línuskauta- og hjólabrettasvæði með rampi og mörkum til að spila streethökký.

8.5. Samráð og næstu skref

Í síðasta vinnuhópnum ræddu þátttakendur samráð og næstu skref, til að tryggja að íbúáþingið skilaði Hveragerðisbæ góðum árangri. Í hópnum voru um 30 þátttakendur. Taldi hópurinn mikilvægt að auka samráð milli íbúa og bæjaryfirvalda, t.d. með formlegum samráðsfundum og auknu upplýsingastreymi milli þessara hópa. En einnig þyrfti að auka samskipti á óformlegum vettvangi, t.d. með skemmtunum o.fl. Loks var lögð áhersla á auka þyrfti traust á milli íbúa og bæjaryfirvalda og ein leið til þess væri að vinna sýnileg verkefni strax að loknu íbúáþingi.


Niðurstöður

SAMRÁÐ – NÆSTU SKREF

- Aukið samráð bæjaryfirvalda við íbúa og meiri samvinna meðal íbúanna myndi styrkja Hveragerði og um leið bæta ímynd bæjarins. Um þetta þarf að móta stefnu og verklagsreglur.
- Bæta þarf upplýsingastreymi frá bæjaryfirvöldum til íbúa, t.d. með heimasíðunni, blaðamannafundum og að útvarpa bæjarstjórnarfundum.
- Samráð með formlegum hætti getur t.d. verið kannanir og samráðsfundir, m.a. með hagsmunaaðilum um tiltekin mál.
- Haldinn verði sameiginlegur „stefnumótunarfundur“ allra hagsmunaaðila árlega, þ.e. bæjaryfirvalda, stofnana ríkis í bænum, félagasamtaka, fyrirtækja og opinn íbúum.
- Þjónustusamningar sem sveitarfélagið áformar að gera við félagasamtök, bjóða upp á tækifæri til að virkja félögin í ýmis jákvæð verkefni fyrir samfélagið.
- Kannaður verður grundvöllur og áhugi fyrir stofnun íbúasamtaka.
- Samskipti og samvera íbúa á óformlegum vettvangi aukist.
- Íbúáþing þarf að skila sýnilegum árangri til að fólk sé tilbúið til að vera virkt og traust milli íbúa og bæjaryfirvalda byggist upp.
- Verði ullarþvottastöðin flutt, er þar sóknarfæri fyrir bæinn.
- Sýnilegt verkefni sem fyrst; Hamarinn!

8.6. Skipulagshópur; Heilsu- og útivistarbærinn Hveragerði

Í hópnum sem settist að borði og skoðaði heilsu- og útivistarbæinn Hveragerði voru 10 manns. Umræðurnar í hópnum snéru mikið að því að bæta ímynd Hveragerðis sem heilsuþétt. T.d. þyrfti að bæta frágang göngustíga, fjölga stígum og jafnframt tengja saman þá sem í net. Þá stakk hópurinn upp á því að merkja gönguleiðir og gefa þeim nafn, e.o. „Vetrarbrautina“, samtengda stíga sem eru upphitaðir og því göngufærir allan ársins hring. Þá stakk hópurinn upp á ýmsum fleiri útivistar- og tómstundamöguleikum, baðaðstöðu við Baulu og víxlböðum á hverasvæðinu. Sú hugmynd kom fram að gefa gömlum gróðurhúsum nýtt líf og hafa þar ýmsa tómstundaaðstöðu.



8.7. Skipulagshópur unglunga

Á þinginu var unnið með skipulagshóp unglunga. Í honum tóku þátt 6 ungmenni úr 10. bekk Grunnskólans. Umræðurnar snérist mikið um aðstöðu unglunga til að stunda sem fjölbreyttasta afþreyingu, t.d. að bæta og fjölga litlum körfuboltavöllum, koma upp hjólabrettarampi og skautasvelli. Einnig var rætt mikið um aðstöðu þeirra í félagsmiðstöðinni, sem væri ágæt en ýmislegt þyrfti að laga, t.d. salerni. Annars væri húsnæðið gott. Þau bentu á að það vantaði aðstöðu fyrir 16 – 20 ára. Þá vörpuðu þau fram þeirri hugmynd að gera mætti skýli eða aðstöðu til að klæða sig við Baulu, því oft væru unglingar að leika sér þar í Varmánni og jafnvel mætti setja upp aðstöðu fyrir kajaka ofar í ánni.



*„Umhverfið og náttúran í Hveragerði er mjög falleg.
Hér eru margar náttúrulífspurlur“*

